

Reglugerð Starfsmenntunarsjóðs VFÍ

1. grein Heiti heimili og varnarþing

Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður Verkfræðingafélags Íslands. Varnarþing er Reykjavík. Heimili sjóðsins er að Engjateigi 9 í Reykjavík.

2. grein Markmið

Markmið sjóðsins er að styrkja fjárhagslegan grundvöll símenntunar og endurmenntunar fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga í tengslum við menntun þeirra. Enn fremur er markmið sjóðsins að stuðla að auknum rannsóknum og þróunarstarfi á vegum sjóðfélaga.

3. grein Stjórn

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn, skipuðum af stjórn Kjaradeildar VFÍ. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnin skipar með sér verkum og setur sér starfsreglur.

4. grein Tekjur

Tekjur sjóðsins eru:

- Framlag atvinnurekenda eins og umsamið er í kjarasamningi Verkfræðingafélags Íslands við viðkomandi atvinnurekendur.
- Vaxtatekjur.

5. grein Réttur til styrkja úr sjóðnum

Tekjum sjóðsins skal einungis varið í samræmi við markmið hans, sbr. 2. grein. Í því sambandi er sjóðstjórn m.a. heimilt að veita neðangreindum aðilum fjárstyrki:

- Einstökum sjóðsfélögum til
 - að sækja námskeið eða stunda nám innanlands eða utan.
 - rannsókna eða ákveðinna verkefna sem teljast til símenntunar eða endurmenntunar

2. Verkfræðingafélagi Íslands til
 - 2.1 námskeiða- eða ráðstefnuhalds á vegum félagsins eða í samstarfi við aðra.
 - 2.2 Öflunar fagrita.
 - 2.3 Að skapa aðstöðu til endurmenntunar.

3. Heimilt er að taka við umsóknum frá vinnuveitendum fyrir þar til greinda sjóðfélaga til námskeiða eða ráðstefnuhalds.

6. grein Umsóknir um styrki

Þeir sem sækja um styrk úr sjóðnum, skulu senda stjórn sjóðsins umsókn þar að lútandi þar sem fram komi lýsing á því námi eða verkefni sem styrkurinn skal renna til, áætlaðan kostnað, hvenær fyrirhugað er að stunda námið eða verkefnið sem styrkurinn er veittur út á og aðrar þær upplýsingar sem stjórn sjóðsins telur nauðsynlegar.

Á grundvelli þeirra tekur sjóðstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi skuli fá. Að jafnaði skal veita styrk vegna umsóknar er lýtur að væntanlegum kostnaði umsækjanda. Þó getur sjóðstjórn veitt styrk vegna kostnaðar sem þegar hefur verið stofnað til innan viðkomandi reikningsárs.

Styrkþegi skal skila lokauppgjöri til sjóðstjórnar samkvæmt nánari ákvörðun hennar.

7. grein Úthlutun og greiðslur

Úthlutun styrkja úr sjóðnum skal að jafnaði fara fram a.m.k. ársfjórðungslega. Greiðslur úr sjóðnum má aðeins inna af hendi þegar tveir stjórnarmenn hafa samþykkt þær með áritun sinni, t.d. á umsóknir eða reikninga.

8. grein Rekstur, ársreikningur og endurskoðun

Stjórn sjóðsins hefur umsjón með sjóðnum. Skrifstofa VFÍ annast, almenna afgreiðslu fyrir sjóðinn, færslu bókhalds, undirbúning þess í hendur endurskoðanda og uppgjör opinberra gjalda vegna fyrirgreiðslu sem sjóðurinn veitir sjóðsfélögum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Löggiltir endurskoðendur VFÍ endurskoða reikninga sjóðsins. Skal endurskoðandi senda stjórn sjóðsins reikningana, með áritun sinni. Reikningarnir skulu jafnframt, ásamt skýrslu stjórnar, lagðir fram til kynningar á aðalfundi VFÍ.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað af starfsemi sinni.

9. grein Slit eða sameining

Liggi fyrir lögmæt ákvörðun um að sameina eða leggja sjóðinn niður skal stjórn sjóðsins taka ákvörðun um ráðstöfun eigna sjóðsins með almenna hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

10. grein Breyting á reglugerð

Reglugerð þessi tekur gildi þegar aðalfundur VFÍ hefur samþykkt hana.

Breytingar á reglugerð þessari taka gildi þegar aðalfundur VFÍ hefur samþykkt þær.

Samþykkt á aðalfundi VFÍ 11. apríl 2019

Stjórn Starfsmenntunarsjóðs: